

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2026, miðvikudaginn 27. maí kl. 13:00 eftir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1258. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Dagný Geirdal og Böðvar Páll Jónsson.

Fundarritari var Guðbjörg Sigríður Snorradóttir.

Þetta gerðist:

1. Ármúli 5 - USK26040456

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055386, þannig að innra skipulagi er breytt og innréttaður líkamsræktarsalur, fundarsalur og veitingarsalur í hluta rýmis 0001 í hótél- og veitingahúsi, mhl.01, á lóð nr. 5 við Ármúla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

2. Barónsstígur 21 - USK25110407

Sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti og gera svalir á fjölbýlishús á lóð nr. 21 við Barónsstíg.

Stækkun:128.0 ferm.

Eftir stækkun:386 ferm., 1.091,8 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 12. maí 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

3. Barónsstígur 47 - USK26040046

Sótt er um leyfi til þess að stækka, með því að breyta og innrétta á 3. og 4. hæð, gististað í flokki II, tegund d og fjölga herbergjum í ? fyrir ? gesti í húsi Heilsugæslunnar á lóð nr. 47 við Barónsstíg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

4. Barónsstígur 59 - USK26050045

Sótt er um leyfi til þess að rífa steyptar svalir og byggja í staðinn úr timbri og áli nýjar og stærri svalir á austurhlið íbúðarhúss og að auki koma fyrir þremur bílastæðum með innkeyrslu frá Leifsgötu á norðanverðri lóð nr. 59 við Barónsstíg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

5. Bjarmaland 16 - USK25100361

Sótt er um leyfi til þess að sameina í einn matshluta bílskúr, mhl.05 og íbúðarhús, mhl.04, og fyrir áður gerðum breytingum í kjallara, stigahúsi við austurgafi, stiga og þakrými í einbýlishúsi við Bjarmaland 16, mhl.04 á lóð nr. 10-16 við Bjarmaland.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. febrúar 2026, skýrsla um húsaskoðun dags. 17. desember 2025, bréf byggingarfulltrúa vegna erindis USK25090231 dags. 10. október 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 16. apríl 2019.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Borgartún 19 - USK26040398

Sótt er um leyfi til að bæta við loftræstirými í neðri kjallara í húsi Arionbanka á lóð nr. 19 við Borgartún.

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Borgartún 26 – breytingaerindi - USK26040115

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25070362 þannig að við rekstraeininguna er bætt við geymslu, rými 000? í kjallara verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr 26 við Borgartún.

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Borgartún 28 - USK26040166

Sótt er um leyfi til að koma fyrir nýrri flóttahurð á vesturhlið 1. hæðar, breyta notkun og innrétta sem geymslurými með 114 geymslum til útleigu á 1. hæð og í kjallara rýmis 0102 í verslunarhúsi, mhl.05, á lóð nr. 28 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

9. Bræðraborgarstígur 39 - USK26030343

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi rishæðar, setja kvist í stað svala á vesturhlið, setja nýjan kvist og svalir á austurhlið íbúðarhúss nr. 39, mhl.01, auk þess sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum bílskúr, mhl.03, á lóð nr. 39 -41 við Bræðraborgarstíg.

Stækkun mhl.01: 16.3 ferm., 60.4 rúmm.

Stærð mhl.03: xx.x ferm., xx.x rúmm

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

10. Bíldshöfði 9 – breytingaerindi - USK26040397

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052079 vegna lokaúttektar þannig að bruna- og byggingarlýsing er bætt og uppfærð fyrir heilsugæslu, rannsóknarstofur og líkamsræktarstöð á 2. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.01, á lóð nr. 9 við Bíldshöfða.

Erindi fylgir skýrsla Lotu ehf um brunahönnun útgáfa bh05 dags. 24. apríl 2026

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

11. Dugguvogur 49 - USK26020071

Sótt er um leyfi til að breyta notkun, koma fyrir stálsvölum á austurhlið og innrétta sem íbúð rými 0302 á 3. hæð í iðnaðar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 49 við Dugguvog.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

12. Egilsgata 14 - USK26030423

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060948 vegna lokaúttektar þannig að gerðar hafa verið breytingar á innra skipulagi kjallara, útfærslu og hæð skjólveggja og tilhögun innan lóðar íbúðarhúss á lóð nr. 14 við Egilsgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á ósamþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

13. Eyjarslóð 9 - USK26010076

Sótt er um leyfi til að að fjölga eignum með því að skipta rými 0102 í tvær eignir, rými 0102 og rými 0105, breyta innra skipulagi og koma fyrir iðnaðarhurð á suðurhlið iðnaðarhúss, mhl.01, á lóð nr. 9 við Eyjarslóð

Erindi fylgir samþykki sumra meðeigenda yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Faxafen 10 - USK26040066

Sótt er um leyfi til að sameina tvo eignarhluta, rými 0103 og 0104, breyta innra skipulagi og innrétta sem sólbaðs- og nuddstofu verslunarrými á 1. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 10 við Faxafen.

Erindi fylgir skýrsla Öruggr um brunahönnun útgáfa V02 dags. 7. apríl 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Fiskislóð 15-21 – breytingaerindi - USK26040438

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25120242 þannig að byggingarefni er breytt úr stáli í steypu og teikningar uppfærðar því til samræmis fyrir viðbyggingu við austurenda verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 15-21 við Fiskislóð.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

16. Fornhagi 8 - USK26030400

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, bæta aðgengi, koma fyrir lyftu á milli hæða, skipta um glugga, klæða að utan og koma fyrir flóttastiga á vesturhlið og koma fyrir sorpskýli á lóð leikskólans Hagaborg, mhl.01, á lóð nr. 8 við Fornhaga.

Erindi fylgir skýrsla Cowi um brunahönnun dags. 13. mars 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

17. Frostaskjól 2 - Stöðuleyfi fyrir KR - USK26030474

Sótt er um stöðuleyfi frá 6. apríl 2026 til 31. október 2026 fyrir veislutjald, með veitingaleyfi í flokki II tegund fyrir ? gesti, 5.0 x 10.0m að stærð, 26 feta gám fyrir greiðasölu tengt 49.0 ferm. afgirtu svæði vestan megin með veitingaleyfi í flokki II tegund ? fyrir ? gesti á kappleikjum knattspyrnufélagsins KR lóð nr. 2 við Frostaskjól.

Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Funahöfði 17A - USK25120081

Sótt er um leyfi til að koma fyrir brunastigum frá 2. og 3. hæð við sitt hvorn enda suðurhliðar verslunar- og skrifstofuhúss við Funahöfða 17a, mhl.02, á lóð nr. 17 við Funahöfða.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda í húsi nr. 17a við Funahöfða.

Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Fylkisvegur 6 - USK26040017

Sótt er um leyfi til að breyta notkun og innra skipulagi, bæta við skolvaski og innrétta sem veitingasölu í flokki II tegund c,rými 0111 og rými 0114 í íþróttahúsi Fylkis á lóð nr. 6 við Fylkisveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

20. Fákafen 9 – breytingaerindi - USK26050186

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK26010404 þannig að innra skipulagi er breytt í rými 0204, kírópraktorsstofu á 2. hæð í skrifstofu- og verslunarhúsi á lóð nr. 9 við Faxafen.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á ósamþykktum aðaluppráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. Fálkabakki 1 - Breytinga innanhúss - USK26050004

Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að innra skipulagi og innréttingum er breytt í leikskólanum Fálkaborg á lóð nr. 1 við Fálkabakka.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

22. Fálkagata 23 - USK26020141

Sótt er um leyfi til að rífa mhl. 02 og byggja viðbyggingu við einbýlishús á lóð nr. 23 við Fálkagötu.

Niðurrif, mhl. 02: 18,9 ferm

Stækkun: 54,2 ferm.

Eftir stækkun: 200,4 ferm., 612,2 rúmm.

Afgreiðsla: Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 12. maí 2026, samþykkt.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 23. febrúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

23. Gjúkabryggja 8 - USK26020157

Sótt er um leyfi til að byggja 3- til 4 - hæða steinsteypt fjölbýlishús með 110 íbúðum á sameiginlegum bílakjallara með 57 stæðum á lóð nr. 8 við Gjúkabryggju.

Stærð: 14.515.3 ferm., 38.403.5 rúmm.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. mars 2026, brunahönnunarskýrsla Örugg útg. V03 dags. 12. maí 2026 og hljóðvistargreinagerð Lotu dag. 3. febrúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Grensásvegur 1C - USK26050312

Sótt er um leyfi til að breyta notkun og nýta 14 íbúðir sem hótélíbúðir í flokki IV í fjölbýlis- og verslunarhúsi við Grensásveg 1C, mhl.04, á lóð nr. 1 við Grensásveg.

Erindi fylgir afrit af samþyktri aðaltekningu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

25. Grettisgata 71 – breytingaerindi - USK26030030

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25080155 þannig að eignum er fjölgað með því að skipta íbúð 0401 í stúdíóíbúð 0401 og íbúð 0402 á rishæð íbúðarhúss á lóð nr. 71 við Grettisgötu.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhaf dags. 19.maí .2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

26. Grænahlíð 14 - USK26030250

Sótt er um leyfi til að stækka íbúð 0002 með því að sameina henni þvottahús, rými 0006, gangi, rými 0007 og geymslu, rými0003, sem áður tilheyrðu íbúð 0101 í íbúðarhúsi á lóð nr. 14 við Grænuhlíð.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa á teikningu Arktíka dags. 24. apríl 2026

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

27. Hallgerðargata 19 - USK26050307

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054701 vegna lokaúttektar með því að uppfæra merkingar á eldvarnargleri á útlitum 1. hæðar og innréttu verslun í rými 0102 í íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr. 19 við Hallgerðargötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

28. Hraunteigur 19 – breytingaerindi - USK26040069

Sótt er um leyfi til að byggja svalir á suðurhlíð rishæðar og fá ósamþykka íbúð 0301 samþykka í fjölbýlishúsi á lóð nr. 19 við Hraunteig.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 08. maí 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Hverfisgata 4A – breytingaerindi - USK26030507

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 1-3 hæð í skrifstofuhúsnæði á lóð nr. 4-6 við Hverfisgötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Hávallagata 36 - USK26030480

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og til að uppfæra skráningu í húsi á lóð nr. 36 við Hávallagötu.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

31. Írabakki 2 - USK25110312

Sótt er um heimild til að fjarlægja 4 bílastæði til að koma djúpgámum við fjölbýlishús Félagsbústaða á lóð nr. 2-16 við Írabakka.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa vegna erindis USK25060310 dags. 24. júlí 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

32. Katrínartún 4 - USK26020045

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN049912 vegna lokaúttektar þannig að breytingar á innra skipulagi hafa verið gerðar á skrifstofum á 3. 4. 5. og 6. hæð, rými -0201 skipt í tvennt, rými 0002 skipt upp og innréttað starfsmannarými og þvottahús, rými 0104 innréttað sem vinnu- og skrifstofur ásamt því að skráning og brunavarnir hafa verið uppfærðar í skrifstofuhúsi við Katrínartún 4, mhl.06 á lóð nr. 8-16 við Borgartún.

Jafnframt er erindi USK26010198 dregið til baka

Erindi fylgir yfirlit breytinga og brunahönnun frá Örugg útgáfa V03, síðast breytt 17. apríl 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

33. Kirkjustræti 4 - USK26020346

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi kjallara og hluta fyrstu hæðar, koma fyrir pallalyftu og stiga niður í tengigang kjallara og hurð út í garð á austurhlið skrifstofuhúss við Kirkjustræti 4, mhl.03, á Alþingisreit.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags 27. apríl 2027, skýrsla Örugg um brunavarnir útgáfa V02 dags. 17. febrúar 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Kleppsvegur 102 - USK26020453

Sótt er um leyfi til að stækka með viðbyggingu við norðvesturgafli einbýlishúsi á lóð nr. 102 við Kleppsveg.

Stækkun: 115.3 ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir skýrsla um hússkoðun dags. 12. maí 2026 og gátlisti aðaluppdráttu.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

35. Kleppsvegur 64 - USK26040338

Sótt er um leyfi til að grafa frá hluta vesturhliðar, síkka glugga og færa inngang, breyta innra skipulagi 1. og 2. hæðar, leggja niður skrifstofur og fjölga dvalarrýmum um 24 þannig að samtals verði 129 dvalarrými á dvalarheimilinu Skjól við Kleppsveg 64, mhl.20, á lóð nr. 13 við Brúnaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Kringlan 1 - USK26020321

Sótt er um leyfi til að byggja bílakjallara á tveimur hæðum, K1 og K2, með 155 stæðum og kemur til með að þjóna átta 4-9 hæða fjölbýlishúsum með 151 íbúð á reit A, á lóð nr. 1 við Kringluna.

Stærð: 6.213,7 ferm., 19.162,6 rúmm.

Erindi fylgir innmæling á lóð dags. 1. desember 2025, greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 27. febrúar 2026, greinargerðir hönnuða um aðgengi, einangrun og öryggismál ódagsettar og greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 17. febrúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Langirimi 21-23 - USK26020239

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innréttuð hefur verið tannlæknastofa í rými 0203 í húsi á lóð nr. 21-23 við Langarima.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Laugardalsvelli - Nýtt stöðuleyfi - USK26040410

Sótt er um stöðuleyfi fyrir 40 feta gám til að skýla upphitunarkerfi íþróttavallar á lóð nr. 15 við Reykjaveg

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Laugavegur 174 - USK26040457

Sótt er um leyfi til að rífa verslunarhús, mhl. 02 á lóð nr. 174 við Laugaveg.

Stærð: 5.620,3 ferm.

Erindi fylgir greinargerð um meðhöndlun byggingar- og niðurrifsúrgangs.

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Laugavegur 35 – breytingaerindi - USK26010124

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059397 vegna lokaúttektar með því að breyta innra skipulagi í kjallara, innréttta kaffistofu starfsmanna og verslun í rými 0203 í hóteli á lóð nr. 35 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

41. Laugavegur 48B - USK25030246

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innra skipulagi hefur verið breytt og innréttuð hárgreiðslu- og húðflúrstofa í rými 0101 í iðnaðarhúsi á lóð nr. 48b við Laugaveg.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 1. október 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

42. Laugavegur 54B - USK25120172

Sótt er um leyfi til að stækka með því að hækka ris, gera kvisti á báðar þekjur, svalir á norðurhlið, breyta innra skipulagi og koma fyrir stiga á milli hæða í einbýlishúsi á lóð nr. 54b við Laugaveg.

Stækkun: 95.7 ferm., 182.4 rúmm.

Erindi fylgir deiliskipulagsuppdráttur fyrir reit 1.173.1 gildisdags. 28. nóvember 2025, umsögn Minjastofnunar dags. 7. maí 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 23. maí 1946.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

43. Melgerði 31 - USK26020090

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem fela í sér að innréttuð hefur verið íbúð í risi og einnig í kjallara húss á lóð nr. 31 við Melgerði.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 20. maí 2026, yfirlit breytinga og lagður er fram þinglýstur eignaskiptasamningur dags. 18. febrúar 1966.

Frestað. Vísað til athugasemda.

44. Miðtún 2 - USK26040364

Sótt er um að hækka um eina hæð og byggja viðbyggingu við hús á lóð nr. 2 við Miðtún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 29. maí 1941.

Frestað. Vísað til athugasemda.

45. Móvað 35 - USK26020020

Sótt er um leyfi til að breyta skipulagi á lóð, reisa gróðurhús og klæða með málmklæðningu einbýlishús á lóð nr. 35 við Móvað.

Erindi fylgir samþykki lóðarhafa Móvaðs 33 áritað á uppdrátt.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

46. Nauthólsvegur 50 – breytingaerindi - USK26040332

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25060415 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi er breytt í sameiginlegum rýmum á öllum hæðum og í hluta kjallara og innrak stigleiðslu færð í hjúkrunarheimili á lóð nr. 50 við Nauthólsveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og hljóðvistargreinargerð frá Myrra uppfærð 13. apríl 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

47. Neshagi 13 - USK26040019

Sótt er um leyfi til að opna milli rýma, taka niður burðarvegg og setja stálbita í staðinn í íbúð 0201 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 13 við Nesveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

48. Nesvík - USK26040423

Sótt er um leyfi til að setja niður fullbyggt frístundahús á lóðinni Nesvík

Stærð 40,9ferm og 124,7 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

49. Nökkvavogur 22 - USK25050111

Sótt er um byggingarleyfi fyrir skjólvegg meðfram lóðarmörkum á lóð nr. 22 við Nökkvavog

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

50. Rafstöðvarvegur 33 – breytingaerindi - USK26020160

Sótt er um leyfi til að byggja bílskúr mhl 02, einnig er sótt um að innrétta íbúð í kjallararými 0001 og útbúa tröppur að kjallara í norðausturhlíð á parhúsi á lóð nr. 33 við Rafstöðvarveg.

Stærð mhl 02 er 49,0 ferm og 135,8 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

51. Ránargata 16 - USK26030276

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN029148 vegna lokaúttektar þannig að gerðar hafa verið breytingar á innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 16 við Ránargötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

52. Safamýri 41 - USK26040440

Sótt er um leyfi fyrir niðurrifi á mhl 02 og 03 sem eru bílskúrar og byggja nýja bílskúra á sama stað á lóð nr. 41 við Safamýri

Frestað. Vísað til athugasemda.

53. Seljavegur 1A - USK26020117

Sótt er um leyfi til að innrétta tvær íbúðir í einbýlishúsi á lóð nr. 1a við Seljaveg.

Stækkun: 7,4 ferm. og 8,2 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

54. Skeifan 11C – breytingaerindi - USK26040255

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25090130 þannig að innra skipulagi er breytt á skyndibitastað, veitingastað í flokki I tegund c fyrir mest 20 gesti í rými 0102 í verslunar- og skrifstofuhúsi við Skeifuna 11c, mhl.03, á lóð nr. 11 við Skeifuna.

Frestað. Vísað til athugasemda.

55. Skeifan 15 - Kæligámur - USK26050211

Sótt er um stöðuleyfi fyrir 10 m2 kæligám á lóð nr. 15 við Skeifuna.

Erindi samþykki umboðsmanns lóðarhafa dags. 13. maí 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

56. Skipholt 44 - USK25060044

Sótt er um leyfi til hækka þak, gera kvisti á báðar þekjur og bæta við svölum á vesturgafli rishæðar íbúðarhúss á lóð nr. 44 við Skipholt.

Stækkun: 52,4 ferm., 178,0 rúmm.

Eftir stækkun: 535,2 ferm., 1.506,7 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

57. Skipholt 50 - USK25070358

Sótt er um leyfi til að hækka þak, gera kvisti á báðar þekjur og bæta við svölum á vesturgafli rishæðar í íbúðarhúsi á lóð nr. 50 við Skipholt.

Stærð eftir breytingar: 528,3 ferm., 1.506,7 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 29. september 1955. og samþykki meðeigenda dags. 10. mars 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

58. Skútuvogur 8 - USK26040308

Sótt er um leyfi til að setja upp skilti án lýsingar sem er 1,22 m á lengd x 3,27 m. á hæð, samtals 4 ferm. á lóð nr. 8 við Skútuvog.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

59. Sogavegur 108 - USK26040116

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í breytingum á innra skipulagi og útliti á mhl. 03 sem er verslunar- og skrifstofuhús á lóð nr. 1-3 við Réttarholtsveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

60. Sogavegur 206 - USK25110164

Sótt er um leyfi til þess að endurnýja þak, bæta við tveimur kvistum á suðurþekju, stækka núverandi kvist og bæta við nýjum á norðurþekju og breyta innra skipulagi rishæðar einbýlishúss á lóð nr. 206 við Sogaveg.

Stækkun; xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 5. maí 2026, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. febrúar 2026 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 29. apríl 1954.

Frestað. Vísað til athugasemda.

61. Staðarbakki 26 - USK26040399

Sótt er um leyfi til að setja svalalokun á svalir efri hæðar og nýja útihurð á austurhlíð neðri hæðar raðhúss á lóð nr. 26 við Staðarbakka.

Erindi fylgir yfirlit breytinga

Frestað. Vísað til athugasemda.

62. Stefnisvogur 54 - USK26040023

Sótt er um leyfi til að byggja tvö 3- 7 hæða fjölbýlishús fyrir samtals 86 íbúðir á sameiginlegum bílakjallara með 72 bílastæðum, geymslum og tæknirýmum á lóð nr. 54 við Stefnisvog.

Stærð: 10.548.0 ferm., 32.963.9 rúmm.

Erindi fylgir greinagerð Brunahönnunar slf. um brunavarnir dags. 27. mars2026 og greinagerð Cowi um hlóðvist útgáfa 1.0 dags. 01. apríl 2026

Frestað. Vísað til athugasemda.

63. Stýrimannastígur 2 - USK26030088

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi breyta gluggum í kjallara, færa útihurð á bakhlíð og til að byggja hjólageymslu á lóð nr. 2 við Stýrimannastíg.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. maí 2026.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Áformin verða grenndarkynnt og málið tekið til afgreiðslu að aflokinni grenndarkynningu.

64. Sundaborg 15 – breytingaerindi - USK26030425

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24040342 vegna lokaúttektar þannig að brunamerkingu hurða er breytt í vörugeymslu á lóð nr. 15 við Sundaborg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

65. Suðurgata 35 - USK26040458

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25040093 með því að grynna svalir á húsi á lóð nr. 35 við Suðurgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 8. apríl 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

66. Sólvallagata 67 - USK26050048

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 1. og 2. hæð í Vesturbæjarskóla á lóð nr. 67 við Sólvallagötu

Erindi fylgir yfirlit breytinga

Frestað. Vísað til athugasemda.

67. Vatnagarðar 4 - USK25090028

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu kennslurými fyrir Kvikmyndaskóla Íslands, breyta gluggum gera nýja útganga og sameina í eina eign atvinnuhús á lóð nr. 4 við Vatnagarða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, greinargerð um algilda hönnun dags. 14. apríl 2026 og samantekt um brunavarnir frá Örugg dags. 12. mars 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis er skilyrt að gera yfirlýsingu um sameiningu fasteigna og fella niður þinglýsta eignaskiptayfirlýsingu þar sem verið er að fækka fasteignum.

68. Æsufell 6 - USK26050047

Sótt er um leyfi til að innrétta íbúð í rými 0101 í fjölbýlishúsi, mhl. 03, á lóð nr. 6 við Æsufell.

Erindi fylgir greinagerð hönnuðar dagsett 1. apríl 2026, yfirlit breytinga og lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. febrúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Fundi slitið kl. 15:00

**Brynjar Þór Jónasson,
Edda Þórsdóttir,
Dagný Geirdal
Böðvar Páll Jónsson.
Guðbjörg Sigríður Snorradóttir.**